

## **Starfsreglur varðandi atvinnumál ungs fólks í Reykjavík**

### **Almennar reglur um samráðningar ungs fólk hjá Reykjavíkurborg**

1. Vinnumiðlun ungs fólks (VUF) heyrir undir ÍTR í samvinnu við Samráðshóp varðandi atvinnumál ungs fólks í Reykjavík. Ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og uppgjöri er í höndum ÍTR.
2. Ungu fólk, 17 ára og eldra, miðast skal við fæðingarár, verði boðin almenn sumarstörf og afleysingastörf hjá stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar. Markhópur VUF er 17-25 ára en hugað er sérstaklega að 17-20 ára ungmennum. Sérstakar reglur eru um Skapandi sumarstörf en þar starfar sérstakur faghópur að úrvinnslu umsókna.
3. Umsókn um störf hjá VUF er ekki sjálfkrafa trygging um sumarvinnu.
4. Gæta skal samræmis við ráðningar í sumarstörf borgarstofnana varðandi ráðningartíma og aldursskiptingu, eins og frekast er unnt. Þó skulu ekki ráðnir yngri en 20 ára sem leiðbeinendur á sumarnámskeiðum og við öryggisstörf hjá ÍTR. Ráðningartími má enn fremur miðast við lengd námskeiða, allt að 11 vikur. Hjá Vinnuskólanum er lágmarksaldur leiðbeinenda 22 ár en liðsmanna og aðstoðarleiðbeinenda 20 ár. Ráðningartími er allt að 10 vikur.
5. Einungis þeir sem lögheimili eiga í Reykjavík verða ráðnir í sumarstörf.
6. VUF miðlar starfsmönnum til borgarstofnana vegna ráðninga í sumarstörf. Fyrsta greining á áhugasviði og getu umsækjenda fer þar fram. VUF hefur samráð við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins vegna langtímaatvinnulausra ungmenna.
7. Borgarstofnanir veita VUF upplýsingar fyrir 1. mars um áætlaðan heildarfjölda samráðninga vegna fjárveitinga innan fjárhagsramma viðkomandi stofnunar. Borgarstofnanir skili inn lista til VUF fyrir 1. apríl með upplýsingum um þau störf sem hægt er að ráða í utan ramma viðkomandi stofnunar ásamt upplýsingum um kostnað.
8. Ráðningarferli: VUF miðlar til stofnana listum yfir umsækjendur en stofnanir/vinnustaðir sjá sjálfar um ráðningar, innan tveggja vikna. Hafni stofnun umsækjanda tilkynnir hún það til VUF og fer hann þá aftur á lista. Stofnun geri ráðningarsamning við hvern starfsmann og þar skal koma fram m.a. lengd ráðningar, upphafs- og lokadagsetning og gagnkvæmur uppsagnarfrestur.

### **Ráðstöfun sérstakra fjárveitinga til atvinnamála ungs fólks**

9. Samráðshópurinn kynni borgarráði tillögur um störf vegna atvinnuverkefna eigi síðar en 15. apríl. Tillögurnar skulu beinast að ráðningum fólks undir tvítugu og eiga meðal annars að endurspeglu forgang aldurshópsins 17-18 ára, eftir því sem við verður komið, og skal miðað við 6 vikna ráðningartíma.
10. Samráðshópnum verði falið að gera tillögur um hvernig ráðstafa skuli fjárveitingum til atvinnamála ungmenna og langtímaatvinnulausra þannig að þær nýtist sem best vegna sumarstarfa og annarra úrræða Reykjavíkurborgar.

### **Undanþágur**

11. Óski stofnanir eftir því að víkja frá ofangreindum starfsreglum, s.s. um aldur og ráðningartíma, skulu þær senda skriflega og rökstudda beiðni þar um til Samráðshópsins til umfjöllunar.